

**IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 407,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast 1. febrúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 81 7. febrúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa.**

**Hluti P**

**Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.**

## 1. gr.

**Gr. 1.2. orðist svo:** Reglurnar gilda um báta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglnanna. Eldri bátar skulu uppfylla ákvæði um búnað, sem varar við eldi, við fyrstu aðalskoðun á vélbúnaði, sem gerð er á bátnum eftir 1. janúar 1987. Að öðru leyti skulu þeir fullnægja þeim reglum, sem í gildi voru fyrir 1. maí 1985, nema að samsvarandi ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. nr. 52/1970 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. janúar 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*